

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 7. maí 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-94/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 30. október sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á viðgerðarþjónustu, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað vegna viðgerðarþjónustunnar, samtals kr. 391.132.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 1. nóvember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 20. nóvember. Með bréfi, dags. 28. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 12. desember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 5. maí, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 12. mars 2013 hafi álitsbeiðandi farið með bifreið sína xx-000, sem sé af gerðinni Mitsubishi Pajero, árgerð 1998, í viðgerð til seljanda vegna heddþakkingar. Við skoðun hjá seljanda hafi komið í ljós að heddið sjálf var í lagi, en álitsbeiðandi segir að það hafi verið forsenda þess að farið yrði út í heddþakkingarskipti. Segir álitsbeiðandi að eftir að skipt hafði verið um heddþakkingu hafi seljandi tjáð sér að túrbína bifreiðarinnar virkaði ekki sem skyldi. Segist álitsbeiðandi hafa átt bifreiðina í 8 ár og aldrei orðið var við neitt óeðlilegt í túrbínunni og varð úr að ekki var átt við túrbínuna. Tók viðgerðin engu að síður um mánuð og sótti álitsbeiðandi bifreiðina hinn 12 apríl 2013 og greiddi kr. 299.500 fyrir. Á þessum tímamarki var bifreiðin ekki á númerum og stóð hún því að mestu óhreyfð fram í byrjun júní þegar hún var sett á númer. Segir álitsbeiðandi að strax þá hafi komið í ljós að ástand bifreiðarinnar var eins og fyrir heddþakkingarskiptin. Í kjölfarið fór álitsbeiðandi aftur með bifreiðina á verkstæði seljanda. Þar var honum sagt að skipta þyrfti um túrbínu og var það og gert í kjölfarið og greiddi álitsbeiðandi kr. 51.624 fyrir vinnu við skiptin og kr. 40.000 fyrir notaða túrbínu. Eftir túrbínuskiptin var bifreiðinni ekið um 700 km en þá kom enn í ljós að ástand hennar var líkt og áður en gert var við hana. Í þriðja sinn var því farið með bifreiðina á verkstæði seljanda og lagt til að skipt væri um vatnslás og vatnsdælu bifreiðarinnar. Þeirri tillögu segist álitsbeiðandi hafa hafnað, enda þótti honum allt benda til þess að hedd bifreiðarinnar eða heddþakking væri í raun ónýtt. Í kjölfarið var ákveðið að taka heddið af vélinni til frekari skoðunar og kom þá strax í ljós að það var ónýtt. Telur álitsbeiðandi ljóst að heddið hafi verið ónýtt allt frá því fyrir fyrstu viðgerð seljanda á bifreiðinni í mars og apríl 2013. Segir álitsbeiðandi að hann hefði aldrei lagt út í umræddar viðgerðir hefði hann vitað að heddið væri ónýtt. Þá segir hann að seljandi hafi gert þá tillögu að gegn kr. 200.000 greiðslu til viðbótar myndi seljandi gera við heddið. Segist álitsbeiðandi ekki geta sætt sig við þá niðurstöðu. Hann hafi þegar greitt kr. 391.132 fyrir viðgerðir og bifreiðin sé jafn léleg og áður en farið var út í þær viðgerðir.

Meðfylgjandi álitsbeiðni eru afrit af reikningum seljanda vegna viðgerða á bifreið álitsbeiðanda, er fyrri reikningurinn dags. 12. apríl 2013, að fjárhæð kr. 299.508, en sá síðari 7. júní 2013, að fjárhæð kr. 51.624. Sem fyrr segir gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi endurgreiði sér útlagðan kostnað sinn vegna viðgerðanna, samtals. kr. 391.132.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi telur að allt viðgerðarferlið í tengslum við bifreið álitsbeiðanda hafi verið unnið á faglegan hátt. Hafi álitsbeiðanda t.d. verið ráðlagt að endurnýja m.a. vatnskassa þar sem það sé þekkt í sams konar bifreiðum að það hafi áhrif á hedd, blokk og heddþakkingu vegna úrfellingar sem valdi því að kæling vélar sé ekki næg. Lýsir seljandi verkferlinu þannig að heddidd hafi verið tekið af bifreiðinni og hafi heddþakking sýnilega verið ónýtt. Til samræmis við vinnuferli hafi hedd bifreiðarinnar verið þrýstiprófað og hafi það haldið þrýstingi. Var ástand blokkar og heddss metið í lagi og því ekkert því til fyrirstöðu að skipta eingöngu um heddþakkingu. Við lok viðgerðarinnar hafi álitsbeiðanda verið bent á að gera þyrfti við túrbínu þar sem hún gæti haft áhrif á hedd og þakkingu þar sem þrýstingur væri of mikill. Segir seljandi að álitsbeiðandi hafi ekkert vilja aðhafast hvað varðaði túrbínuna á þeim tímamarki. Tveimur mánuðum síðar var hins vegar skipt um túrbínu og notuð túrbína sem álitsbeiðandi hafði keypt sett í bifreiðina og bifreiðin prófuð ítarlega án þess að neitt athugasemjakerfi kæmi út úr þeirri prófun. Segir seljandi að 5 mánuðum eftir viðgerðina á túrbínunni hafi bifreiðin komið aftur inn á verkstæði með sambærilega bilunarlýsingu og áður. Hafði bifreiðinni þá verið ekið um 700 km frá síðustu viðgerð. Heddidd var tekið af og heddþakking skoðuð en enginn óþéttleiki sást á henni. Þá var heddidd þrýstiprófað og kom þá ljós að það var orðið óþétt. Tekur seljandi það sérstaklega fram að heddidd hafi verið í lagi þegar gert hafði verið við bifreiðina 5 mánuðum fyrr. Segir seljandi að þrátt fyrir þetta hafi hann boðið álitsbeiðanda að skipta um hedd honum að kostnaðarlausu, en álitsbeiðandi hefði hins vegar þurft að greiða fyrir heddidd sjálft. Þessu boði haf álitsbeiðandi hafnað. Segist seljandi hafna öllum kröfum álitsbeiðanda um endurgreiðslu.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið snýst ágreiningur aðila um tvennar viðgerðir sem seljandi gerði á bifreið álitsbeiðanda, xx-000. Var bifreiðin af gerðinni Mitsubishi Pajero, árgerð 1998, fyrst skráð 11. september 1998. Var því um að ræða tæplega 15 ára gamla jeppabifreið. Sem fyrr segir var fyrri viðgerðin framkvæmd í mars og apríl 2013 og var þá skipt um heddþakkingu bifreiðarinnar. Síðari viðgerðin var framkvæmd í júlí sl. og var þá skipt um túrbínu. Fyrir viðgerðirnar greiddi álitsbeiðandi samtals kr. 351.132 samkvæmt framlögðum reikningum, en að auki mun álitsbeiðandi hafa keypt notaða túrbínu af þriðja aðila fyrir kr. 40.000. Þegar farið var með bifreiðina til viðgerðar í þriðja skiptið kom hins vegar í ljós að hedd bifreiðarinnar var ónýtt. Telur álitsbeiðandi að ljóst megi teljast að heddidd hafi þegar við fyrstu viðgerð seljanda verið ónýtt en seljanda hafi hins vegar yfirsétt það. Því hafi báðar þær viðgerðir sem seljandi framkvæmdi á bifreið álitsbeiðanda verið honum gagnslausar, enda hefði hann aldrei látið framkvæma þær hefði hann vitað að heddidd væri ónýtt. Til samræmis

við þetta gerir álitsbeiðandi þá kröfu að seljandi endurgreiði sér þann kostnað sem hann hafi þurft að leggja út í vegna viðgerðanna tveggja, kr. 391.132. Þeim kröfum hefur seljandi mótmælt á þeim forsendum að heddið hafi verið þrýstiprófað þegar skipt var um heddþakkingu og þá reynst í lagi.

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup segir m.a. að útseld vinna, sem veitt sé í atvinnuskyni skuli ávallt vera byggð á fagþekkingu og í samræmi við góða viðskiptahætti sem tíðkist hverju sinni. Krafa álitsbeiðanda stendur í raun og fellur með því hvort hedd bifreiðar hans hafi þegar verið ónýtt þegar seljandi tók fyrst við bifreiðinni til viðgerðar hinn 12. mars 2013. Í reikningi seljanda, dags. 12. apríl 2013, kemur sérstaklega fram að heddið hafi verið tekið af og þrýstimælt og það reynst í lagi. Þá kemur jafnframt fram á reikningnum að seljandi telji nauðsynlegt að skipt verði um túrbínu, ella sé hætta á að heddþakkingin sem skipt var um, gefi sig aftur. Bifreiðin var ekki á númerum á þessum tímapunkti og virðist henni því ekki hafa verið ekið svo neinu nemi þar til skipt var um túrbínu í byrjun júní sl. 5 mánuðum eftir túrbínuskiptin kvartaði álitsbeiðandi við seljanda um að vél bifreiðarinnar gengi ekki sem skyldi og að heddið væri farið. Þá hafði bifreiðinni verið ekið um 700 km frá síðustu viðgerð.

Að mati kærunefndarinnar verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að hedd bifreiðar álitsbeiðanda hafi verið í lagi þegar skipt var um heddþakkingu í mars og apríl 2013, en álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram nein gögn sem benda til hins gagnstæða. Telur kærunefndin að heddið muni því hafa gefið sig einhvern tímann eftir fyrstu viðgerðina, án þess að ljóst sé hvort það var fyrir túrbínuskipti í júní, eða síðar. Var um að ræða mikið ekna tæplega 15 ára gamla bifreið og gat hedd hennar því í raun gefið sig hvenær sem var. Þá verður ekki annað séð af viðgerðarlýsingu þeirri er fram kemur á reikningi seljanda, dags. 12. apríl 2013, að álitsbeiðanda hafi verið bent á að honum væri vísast að skipta um túrbínu sem fyrst, ef hann vildi ekki eiga á hættu að nýframkvæmd viðgerð ónýttist. Þrátt fyrir þessa aðvörun virðist álitsbeiðandi hafa ekið bifreiðinni eitthvað áður en túrbínuskiptin fóru fram, væntanlega með tilheyrandi viðbótarálagi á vél bifreiðarinnar. Samkvæmt framanröktu getur kærunefndin ekki fallist á að þjónusta seljanda hafi ekki staðist kröfur 1. mgr. 4. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup. Getur þjónusta seljanda því ekki talist hafa verið haldin galla í skilningi 1. tölul. 1. mgr. 9. gr. sömu laga. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir